



Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. október
Tilv.: 18091259 / MDB

Efni: 81. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - frv. br. á lögum um vaktstöð siglinga

Þann 27. september sl. auglýsti umhverfis- og samgöngunefnd eftir umsögnum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga nr. 41/2003, 81. mál.

Frumvarpinu er ætlað að styrkja lagagrundvöll hafnsögu hér á landi. Samgöngustofa tekur undir þá umfjöllun sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu og tekur undir mikilvægi þess að styrkja lagastoðina fyrir hafnsögu.

Samgöngustofa bendir á að í frumvarpinu er lagt til að leiðsögumaður hafi heimild til að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma um borð í skip meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu. Ákvæðið á sér fyrirmynd í hafnarreglugerðum sem mæla fyrir um hafnsögu.¹ Að mati Samgöngustofu er ákvæðið ekki í samræmi við meginregluna um æðsta vald skipstjóra um borð í skipi eins og hún kemur fram í sjómannalögum og siglingalögum. Verkaskipting skipstjóra og leiðsögumanns ætti að vera skýr, þ.e. að skipstjóri beri ábyrgð á skipinu en leiðsögumaður beri aðeins ábyrgð á leiðsögunni. Ákvæðið í fyrirleggjandi frumvarpi gerir annars vegar ráð fyrir því að leiðsögumaður megi ekki yfirgefa skip fyrr en að leiðsögu lokinni, nema með leyfi skipstjóra og hins vegar að leiðsögumaður geti bannað hverjum sem ekki á lögmætt erindi að koma um borð í skip. Að mati Samgöngustofu er það skipstjóra að tryggja að leiðsögumaður verði ekki truflaður við störf sín að óþörfu, til dæmis með því að banna þeim sem ekki eiga lögmætt erindi að koma um borð í skip.

Að framansögðu leggur Samgöngustofa til að fella brott 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.


Kristín Helga Markúsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar

Virðingarfyllst


Halldór Ó. Zoëga
deildarstjóri mannvirkjadeildar

¹ Til dæmis hafnarreglugerð fyrir hafnir Vesturbyggðar, 6. gr., hafnarreglugerð fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar, 6. gr., hafnarreglugerð fyrir Sandgerðishöfn, 6. gr.